

þannig sameinuðu sóknir, eptir nákvæmari ráðstöfun og undir umsjón hjeradsprófastsins. 114
21 sept.

Brjef landshöfðingja til skólastjóra J. A. Hjaltalín á Möðruvöllum um byggingarráðin yfir Möðruvöllum og hjáleiguinni Spónsgerði. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra skólastjóri, 6. p. m., þar sem þjer, sakir ágreinings milli yðar og umboðsmanns Möðruvallaklausturs, spyrjist fyrir um rjettan skilning á 8. gr. reglugjörðar 28. júlí 1882, fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, að því er snertir byggingarráðin yfir Möðruvöllum og hjáleigu þessarar jarðar, Spónsgerði, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að eptir nefndri reglugjörð er jörðin Möðruvellir og hjáleiga hennar, undanþegin afskiptum umboðsmanns Möðruvallaklausturs að öðru leyti en því, að skólastjóra, sem hefur byggingarráðin yfir jörðinni og á að hafa hana í umsjón sinni, ber að greiða afgjald af jörðinni í hendur umboðsmannsins. 115
25. sept.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu á uppbót Akureyrar prestakalls 1884—85. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem prófastur sjera Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, sem til fardaga 1885 var prestur í Akureyrar prestakalli, sækir um, að 300 kr. uppbót sú, sem hinu síðarnefnda prestakalli var ákveðin með lögum 12. jan. 1884, verði sjer veitt fyrir fardagaárið 1884—85. 116
21. ágúst.

Með vottorði hlutadeigandi prófasts er það sannað, að lög 12. jan. 1884, hafa verið framkvæmd frá fardögum 1884, að því er snertir breytingu á prestaköllunum Akureyri og Grund, sjerstaklega þannig, að 11 fremstu bæirnir í Akureyrarsókn hafa síðan verið greindir frá Akureyrar prestakalli og lagðir til Grundar prestakalls, og vottar prófastur að lögín hafi verið framkvæmd á þessa leið, eins og nauðsynlegt hafi verið eptir því sem ástóð í Eyjafjarðar prófastsdæmi, án þess að leitað hafi verið samþykkis sjera Guðmundar Helgasonar, og þess vegna telur sjera Guðmundur Helgason, að eins og lögín þegar frá fardögum 1884 hafa verið framkvæmd að því er snertir þær ákvarðanir, er rýrðu tekjur hans, svo eigi hann einnig frá sama tíma að njóta góðs af þeim ákvörðunum, er heimila tilsvarendi tekjuauka. Af þessum ástæðum hafa auk þess bæði stíptsyfírvöldin og þjer, herra landshöfðingi, mælt með því, að hin umbeðna uppbót verði veitt.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að eins og aðalreglan með tilliti til framkvæmdar á ákvörðuninum í lögum 12. jan. 1884 samkvæmt reglunum í lögum 27. febr. 1880, sbr. rhbr. 25. ágúst 1884, hlýtur að vera sú, að uppbót sú sem í þeim er ákveðin, greiðist eigi hlutadeigandi prestaköllum fyr en frá þeim tíma, þegar þau eru veitt næst eptir útkomu laganna, þannig má einkanlega segja, að skilyrðið fyrir því, að lögum þessum sje beitt — og það skilyrði hefur opt verið tekið fram á alþingi í umræðunum um málið — sje það, að breyting sú, sem með þeim er leyfð á prestaköllunum í Eyjafjardarsýslu, megi engan veginn auka gjöld landssjóðsins. Þess vegna getur því að eins komið til tals í þessu máli, að gjöra undantekningu frá fyr greindri aðalreglu, sökum sjerstakra atvika þeirra sem fyrir hendi eru, að það baki eigi landsjóðnum aukin gjöld. En það getur því að eins verið, að árgjöld þau, 50 kr. og 250 kr., sem samkvæmt lögnum frá 1884 eiga að greiðast í landssjóð frá Grundar prestakalli og Saurbæjar prestakalli, sjeu annaðhvort greidd í landssjóð eða muni greiðast í landssjóð fyrir fardagaárið 1884—85.